

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.).

Frá félags- og húsnæðismálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Framkvæmdaraðili

Vinnumálastofnun annast framkvæmd atvinnuleysistrygginga samkvæmt lögum þessum.

Kostnaður við framkvæmd atvinnuleysistrygginga greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni, meðal annars af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi.

2. gr.

6.–8. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. 4.–6. mgr. falla brott.
- b. Orðin „að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 8. mgr. falla brott.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Upplýsingaöflun.

Skatturinn, Tryggingastofnun, sjúkratryggingastofnunin, sýslumaður, hlutaðeigandi atvinnurekendur, hlutaðeigandi lífeyrissjóðir, hlutaðeigandi stéttarfélög, félög og heildarsamtök stéttarfélaga sem reka sjúkra- eða styrktarsjóði fyrir launafólk á innlendum vinnumarkaði, Fangelsismálastofnun, lögregla, tollyfirvöld, eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, Samgöngustofa, Menntasjóður námsmanna, viðurkenndar menntastofnanir innan hins almenna menntakerfis og skólar á háskólastigi skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hennar.

Að því marki sem nauðsynlegt nauðsynlegt er í því skyni að kanna afdrif þeirra sem fullnýtt hafa rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins er Vinnumálastofnun heimil vinnsla upplýsinga frá Skattinum, Tryggingastofnun, Hagstofu Íslands og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og skólum á háskólastigi.

Vinnumálastofnun ber að upplýsa umsækjanda um fyrirhugaða upplýsingaöflun í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

5. gr.

6. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Orðin „að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 7. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. 2. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „og starfað í a.m.k. þrjá mánuði á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabilinu“ í 1. málsl. 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
- c. Orðin „að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 11. mgr. falla brott.

8. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launamaður sem misst hefur starf sitt en kemur að atvinnurekstri lögaðila þar sem viðkomandi launamaður er virkur aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skal tilgreina það starfshlutfall sem viðkomandi gegnir í samræmi við vinnuframlag sitt en starfshlutfallið getur þó aldrei orðið lægra en 25%.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra, sbr. b-lið 3. gr., í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar telst hlutfallslega tryggður að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum og ákvarðast tryggingahlutfall hans þá af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr.
- b. Orðin „og starfað í a.m.k. þrjá mánuði á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabilinu“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.
- c. Orðin „að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 11. mgr. falla brott.

10. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem misst hefur starf sitt en kemur að atvinnurekstri lögaðila þar sem viðkomandi einstaklingur er virkur aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skal

tilgreina það starfshlutfall sem viðkomandi gegnir í samræmi við vinnuframlag sitt en starfshlutfallið getur þó aldrei orðið lægra en a.m.k. 25%.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 29. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „30“ í 1. málsl. kemur: 18.
- b. Í stað tölunnar „XI“ í 2. málsl. kemur: X.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „30“ kemur: 18.
- b. Í stað orðsins „sex“ kemur: 12.

13. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Desemberuppbót atvinnuleysistrygginga.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og staðfestir atvinnuleit í nóvembermánuði á rétt á sérstakri desemberuppbót á grunnatvinnuleysisbætur á sama ári í samræmi við lengd þess tíma sem hann hefur verið skráður án atvinnu á því ári sem um ræðir hverju sinni sem og tryggingarhlutfall viðkomandi á þeim tíma.

Hámarksfjárhæð desemberuppbótar skv. 1. mgr. skal nema 30% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum skv. 33. gr. Lágmarksfjárhæð desemberuppbótar skv. 1. mgr. skal nema 25% af hámarksfjárhæð desemberuppbótar skv. 1. málsl.

Vinnumálastofnun greiðir út desemberuppbót atvinnuleysistrygginga eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu desemberuppbótar atvinnuleysistrygginga.

14. gr.

2. málsl. 6. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

4. málsl. 3. mgr. 33. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Við útreikning atvinnuleysisbóta fyrir hvern dag skal miða við 30 daga í hverjum almanaksmánuði.
- b. Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Vinnumálastofnunar.

17. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal útgreiðsla séreignarsparnaðar sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða, nr. 129/1997, ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Hið sama á við um útgreiðslu tilgreindrar séreignar skv. 14. gr. a sömu laga.

18. gr.

Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóður“ í 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: Vinnumálastofnun.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

- a. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Þeim ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.
- b. Í stað orðanna „ofgreidds fjár úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: ofgreiddra atvinnuleysisbóta.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr.:
 1. Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 1. málsl. kemur: Vinnumálastofnunar.
 2. Í stað orðanna „úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í lokamálslið kemur: atvinnuleysisbóta.

20. gr.

Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. málsl. 40. gr. laganna kemur: Vinnumálastofnun.

21. gr.

6. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

Í stað orðanna „eða í Færeyjum“ í 1. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: í Færeyjum eða í Bretlandi, eftir því sem við á hverju sinni.

23. gr.

Orðin „úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 1. mgr. 49. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Á eftir 49. gr. laganna kemur ný grein, 49. gr. a, ásamt fyrirsögn svohljóðandi:

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð almannatryggingareglur Evrópusambandsins eins og þær eru felldar inn í viðauka VI við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum, sbr. einnig ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 sem fellir undir samninginn reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004, um samræmingu almannatryggingakerfa, með síðari breytingum, og nr. 987/2009 um framkvæmd hennar. Reglugerðir Evrópusambandsins, sem teknar verða upp í samninginn og fela í sér breytingar eða viðbætur við þær reglugerðir, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama á við um almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunar-samtaka Evrópu og milliríkjasamninga sem gilda á milli Íslands og Bretlands, eftir því sem við á.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

- a. Orðin „enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
- b. 3. og 4. mgr. falla brott.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr.:
 1. Í stað tilvísunarinnar „1.–4. mgr.“ kemur: 1.–2. mgr.
 2. Við bætist: enda hafi ekki verið um að ræða tímabundið starf í námshléi auk þess sem hann hafi misst starf sitt af gildum ástæðum.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. er hinum tryggð heimilt að stunda nám sem er hluti vinnumarkaðs-úrræða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar. Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð á um auknar heimildir tiltekinna hópa atvinnuleitenda, svo sem þeirra sem skráðir hafa verið án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í tólf mánuði eða lengur, til þess að stunda tiltekið nám á framhaldsskólastigi eða á háskólastigi.

26. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Biðtími eftir atvinnuleysisbótum og viðurlög.**

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna.

- a. Orðin „sbr. þó 4. mgr.“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. 2.–4. mgr. falla brott

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

- a. Orðin „sbr. þó 4. mgr.“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. 2.–4. mgr. falla brott.

29. gr.

56. gr. laganna fellur brott.

30. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna fellur brott.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna.

- a. Orðin „sbr. þó 5. mgr.“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. 2., 3. og 5. mgr. falla brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
 1. Orðin „sbr. þó 4. mgr.“ í 1. málsl. falla brott.
 2. Í stað tilvísunarinnar „6. mgr. 9. gr.“ í 2. málsl. kemur: 7. mgr. 9. gr.
- b. 2.–4. mgr. falla brott.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

- a. Orðin „4. mgr. og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. 2.–4. mgr. falla brott.

34. gr.

61. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Ítrekunaráhrif fyrri ákvarðana um biðtíma.

Sá sem áður hefur sætt biðtíma skv. 54.–59. gr. og eitthvert þeirra tilvika sem þar greinir á sér stað að nýju á sama tímabili skv. 29. gr. skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að þremur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar atvinnuleysisbætur fyrir.

Þegar biðtími fellur niður skv. 2. mgr. 61. gr. a leggst sá tími sem eftir var af fyrri biðtíma saman við biðtíma skv. 1. mgr.

Endurtaki atvik sig sem lýst er í 1. mgr. á sama tímabili skv. 29. gr. skal atvinnuleitandi ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann uppfyllir skilyrði 31. gr.

Ítrekunaráhrif samkvæmt ákvæði þessu falla niður þegar nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst, sbr. 30. eða 31. gr.

35. gr.

Á eftir 61. gr. kemur nýtt ákvæði, 61. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skýldur atvinnuleitanda meðan á biðtíma stendur.

Atvinnuleitandi skal uppfylla skilyrði laga þessara meðan á biðtíma stendur.

Taki atvinnuleitandi starfi meðan á tveggja mánaða biðtíma stendur og starfið er ekki hluti af vinnumarkaðsaðgerðum fellur biðtíminn niður eftir að atvinnuleitandinn hefur starfað í a.m.k. hálfan mánuð á vinnumarkaði áður en hann sækir að nýju um atvinnuleysisbætur, enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum að mati Vinnumálastofnunar. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur biðtíminn áfram að líða þegar atvinnuleitandinn sækir að nýju um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

36. gr.

Í stað tölunnar „XII“ í XII. kafla laganna kemur: XI.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna.

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:

1. Í stað orðanna „Heimilt er að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 1. málsl. kemur: Vinnumálastofnun er heimilt að veita styrki.
2. Í stað orðanna „heimilt að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. og 3. málsl. kemur: Vinnumálastofnun heimilt að veita styrki.

- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Krafa atvinnurekanda í tengslum við greiðslu styrks skv. 1. mgr. vegna ráðningar atvinnuleitanda til starfa skal berast Vinnumálastofnun innan þriggja mánaða frá því að launagreiðsla til viðkomandi atvinnuleitanda fer fram. Að öðrum kosti fellur niður heimild Vinnumálastofnunar til greiðslu styrks til hlutaðeigandi atvinnurekanda vegna þeirrar launagreiðslu.

- c. Orðin „að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Styrkir vegna einstaklinga.*

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ kemur: að veita styrki.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Styrkir til verkefna á vinnumarkaði.*

39. gr.

Orðin „að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 1. mgr. 64. gr. laganna falla brott.

40. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XX.)

Þrátt fyrir 1. mgr. 29. gr. skulu þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur 1. janúar 2026 eiga rétt til atvinnuleysisbóta í samtals 30 mánuði. Sama á við um þá sem sækja um atvinnuleysisbætur eftir 1. janúar 2026 eftir að hafa starfað í skemmri tíma en 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði frá því að hafa síðast fengið greiddar atvinnuleysisbætur.

b. (XXI.)

Ráðherra skal fyrir 31. desember 2027 leggja mat á hvaða áhrif það hefur haft á fjárhag sveitarfélaga, að breyta lágmarksskilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta sem og að stytta það tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar úr 30 mánuðum í 18 mánuði samanborið við ætluð áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

II. KAFLI

Breyting á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.

41. gr.

Orðin „að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar“ í 5. mgr. 4. gr., 4. mgr. 7. gr., 5. mgr. 12. gr. og 20. gr. laganna falla brott.

42. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

43. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar níu manna stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fengnum tilnefningum. Tveir fulltrúar í stjórn Vinnumálastofnunar skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi háskólamanna, einn af BSRB, einn af því ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara á sama hátt. Ráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn Vinnumálastofnunar án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar stofnunarinnar. Þá skipar ráðherra varamann formanns stjórnar Vinnumálastofnunar án tilnefningar

og skal hann jafnframt vera varaformaður stjórnarinnar. Ráðherra ákveður þóknun fulltrúa í stjórn Vinnumálastofnunar sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

Formaður stjórnar Vinnumálastofnunar boðar til stjórnarfundar og stýrir þeim. Á fulltrúum í stjórn Vinnumálastofnunar hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga. Forstjóri situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Vinnumálastofnunar staðfestir skipulag stofnunarinnar og árlega starfs- og fjárhagsáætlun hennar. Þá skal stjórnin annast eftirlit með framvindu fyrrnefndra áætlana og þeirra verkefna sem stofnuninni er falið að annast samkvæmt lögum eða reglugerðum. Stjórn stofnunarinnar skal jafnframt vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun á sviði vinnu- markaðsaðgerða og gera ráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnu- markaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs.

44. gr.

Á eftir orðunum „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr. a laganna kemur: Skattinum.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „fyrirtæki eða stofnanir“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: atvinnurekendur.
- b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Krafa atvinnurekanda í tengslum við greiðslu styrks á grundvelli samnings skv. 4. mgr. skal berast Vinnumálastofnun innan þriggja mánaða frá því að launagreiðsla til viðkomandi atvinnuleitanda fer fram. Að öðrum kosti fellur niður heimild Vinnumálastofnunar til greiðslu styrks til hlutaðeigandi atvinnurekanda vegna þeirrar launagreiðslu.

46. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að boða þann sem fær greiddan virknistyrk eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum til stofnunarinnar á sannanlegan hátt, meðal annars til að kanna hvort breytingar hafi orðið á högum hans sem kunna að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum. Skal viðkomandi þá vera reiðubúinn að mæta til stofnunarinnar með mjög skömmum fyrirvara.

47. gr.

Við 16. gr. c laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að skuldajafna ofgreiddum virknistyrk á móti síðar tilkomnum virknistyrk til sama einstaklings en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 25% af síðarnefnda virknistyrknum í hverjum mánuði. Þá er heimilt að skuldajafna ofgreiddum virknistyrk á móti inneign viðkomandi einstaklings vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum um tekju- skatt. Þeim ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsroð.

Um innheimtu ofgreidds virknistyrks fer skv. 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019. Ráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

48. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

49. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um úrskurðarnefnd velferðarmála, nr. 85/2015*: 2. málsl. 10. gr. laganna fellur brott.
2. *Lög um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016*: Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóð“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Vinnumálastofnun.
3. *Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, nr. 60/2012*: Í stað orðanna „Atvinnuleysistryggingasjóði eða Fæðingarorlofssjóði“ í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Fæðingarorlofssjóði, atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.
4. *Lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006*:
 - a. Í stað orðanna „greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.
 - b. „Í stað orðanna „Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags“ í 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: eða sjúkrasjóði stéttarfélags, atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.
5. *Lög um sjúkratryggingar, nr. 112/2008*: Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 1. málsl. 3. mgr. 34. gr. laganna kemur: Vinnumálastofnun.
6. *Lög um sorgarleyfi, nr. 77/2022*: Í stað orðanna „greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 3. mgr. 32. gr. laganna kemur: atvinnuleysisbóta.
7. *Lög um viðspyrnustyrki, nr. 160/2020*: Í stað orðanna „úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt reglugerð um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um greiðslu styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði, nr. 918/2020“ í 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: frá Vinnumálastofnun.
8. *Lög um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir, nr. 24/2020*:
 - a. Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: atvinnuleysisbóta.
 - b. Í stað orðanna „úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: frá Vinnumálastofnun.
9. *Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020*: Í stað orðanna „greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. mgr. 53. gr. laganna kemur: atvinnuleysisbóta.
10. *Lög um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003*: Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: Vinnumálastofnun.
11. *Lög um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994*: Í stað orðsins „Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 19. gr. laganna kemur Vinnumálastofnun.
12. *Lög um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009*:
 - a. Í stað orðanna „greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.
 - b. Í stað orðanna „Atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasjóði stéttarfélags“ í 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: eða sjúkrasjóði stéttarfélags, atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.
13. *Lög um tryggingagjald, nr. 113/1990*:
 - a. 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Fyrir lok október ár hvert skal Vinnumálastofnun gefa ráðherra skýrslu þar sem gerð er grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af horfum um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif

hafa á fjárhagslega stöðu stofnunarinnar í tengslum við framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar.

- b. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Tekjur af atvinnuþryggingagjaldi skulu renna til ríkissjóðs.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. desember 2024 kemur m.a. fram að ríkisstjórnin hafi í hyggju að einfalda stjórnsýslu og hagræða í ríkisrekstri. Þá er það eitt af meginmarkmiðum stjórnvalda að flestir geti verið þátttakendur á vinnumarkaði en almenn þátttaka á vinnumarkaði er talin ein þýðingarmesta leiðin til að koma í veg fyrir félagslega einangrun, vanlíðan og fátækt.

Frumvarp þetta er unnið í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu en þar eru lagðar til ýmsar breytingar á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar og styðja breytingarnar m.a. við framangreindar áherslur stjórnvalda. Við vinnslu frumvarpsins var m.a. litið til vinnu frá 2021–2023 í tíð þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins og Vinnumálastofnun í tengslum við endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þá var tekið mið af reynslunni í tengslum við framkvæmd laganna frá því að þau tóku gildi árið 2006.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Meginmarkmið laga um atvinnuleysistryggingar er að tryggja launafólki og sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð í kjölfar atvinnumissis. Aðgerðir stjórnvalda síðastliðin ár til að draga úr langtímaatvinnuleysi hafa skilað góðum árangri og hefur hlutfall langtímaatvinnulausra, af þeim sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun, lækkað. Sem dæmi um aðgerðir stjórnvalda má nefna aukna áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu fyrr en áður. Reynslan hefur sýnt að afar mikilvægt sé að veita atvinnuleitendum sem fyrst aðstoð í kjölfar atvinnumissis og stuðla að aukinni virkni hjá þeim hópi sem líklegur er til að verða lengi án atvinnu. Því lengur sem fjarvera einstaklings frá vinnumarkaði varir þeim mun ólíklegra þykir að viðkomandi snúi til baka á vinnumarkað og er því talið brýnt að fjarveran sé ekki of löng. Í frumvarpinu er því lagt til að það tímabil sem einstaklingar geta fengið greiddar atvinnuleysistryggingar verði stytta frá því sem nú er samkvæmt gildandi lögum. Samhliða styttingu bótatímabilsins þykir brýnt að leggja aukinn kraft í að aðstoða þá sem hafa verið lengi án atvinnu við að komast út á vinnumarkað og stuðla að aukinni virkni hjá þeim hópi sem er útsettur fyrir langtímaatvinnuleysi.

Frá síðustu aldamótum hefur það tímabil sem einstaklingar geta fengið greiddar atvinnuleysistryggingar tekið nokkrum breytingum. Fram til ársins 2006 nam fyrrnefnt bótatímabil allt að fimm árum en var við gildistöku gildandi laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, stytta í 36 mánuði. Í kjölfar fjármálahrunsins haustið 2008 tók gildi ákvæði til bráðabirgða sem heimilaði lengingu á umræddu tímabili í 48 mánuði og gildi það til ársloka 2012. Árið 2015 var umrætt bótatímabil stytta í 30 mánuði í samræmi við markmið þáverandi ríkisstjórnar um lækkan útgjalda og aðhald í ríkisfjármálum og hefur tímabilið haldist þannig síðan en hvergi annars staðar á Norðurlöndum er tímabilið jafn langt og hér á landi.

Þá þykir eðlilegt að gerðar séu auknar kröfur frá því sem nú er hvað varðar atvinnuþátttöku einstaklinga til þess að þeir geti talist tryggðir samkvæmt lögunum. Eru þær auknu kröfur til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru hvað varðar atvinnuþátttöku þeirra sem geta talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfa annars staðar á Norðurlöndum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar eftirfarandi breytingar á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar.

3.1. Breytt og einfölduð stjórnsýsla atvinnuleysistrygginga.

Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, fólu í sér gagngerar breytingar á áætlanagerð og reikningshaldi ríkissjóðs en lögin kveða m.a. á um að fjárstjórnarvald sé hjá Alþingi sem taki endanlegar ákvarðanir um ráðstöfun skatttekna. Eftir gildistöku laganna fellur Atvinnuleysistryggingasjóður eins og aðrir ríkisaðilar undir A-hluta ríkissjóðs og er ríkissjóður ábyrgur fyrir öllum þeim skuldbindingum sem slíkir aðilar stofna til. Þá renna tekjur af atvinnutryggingagjaldi beint í ríkissjóð en ekki í Atvinnuleysistryggingasjóð eins og áður var fyrir gildistöku fyrrnefndra laga. Undanfarin ár hefur sjóðurinn því aðeins verið talinn sjóður að nafninu til. Í ljósi framangreinds er í frumvarpinu gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður verði lagður niður og að kveðið verði á um að kostnaður við framkvæmd atvinnuleysistrygginga samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar greiðist úr ríkissjóði. Hið sama á við um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að felld verði niður lögbundin úthlutunarnefnd samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, sem og vinnumarkaðsráð samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.

3.2. Breytt lágmarksskilyrði fyrir rétti til atvinnuleysistrygginga.

Lagt er til að atvinnuleitandi geti almennt ekki talist tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins fyrr en viðkomandi hefur starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði á ávinnslutímabili en samkvæmt gildandi lögum ávinnst réttur til hlutfallslegrar greiðslu atvinnuleysisbóta eftir einungis þrjá mánuði í starfi á innlendum vinnumarkaði.

3.3. Stytting bótatímabils atvinnuleysistrygginga.

Lagt er til að hámarkslengd þess tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar verði stytt um tólf mánuði þannig að heimilt verði að greiða atvinnuleysistryggingar í samtals 18 mánuði í stað 30 mánaða.

3.4. Nám samhliða greiðslu atvinnuleysistrygginga.

Lagt til að heimildir atvinnuleitanda til að stunda nám samhliða atvinnuleysistryggingum verði skýrðar og einfaldaðar og sérreglum fækkað. Eru jafnframt lögð til þau nýmæli að ráðherra verði heimilt að kveða á um í reglugerð um auknar heimildir tiltekinna hópa atvinnuleitenda, svo sem þeirra sem skráðir hafa verið án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í tólf mánuði eða lengur, til þess að stunda tiltekið nám á framhaldsskólastigi eða á háskólastigi.

3.5. Desemberuppþót atvinnuleysistrygginga lögfest.

Lagt er til að í lögum um atvinnuleysistryggingar verði kveðið á um rétt atvinnuleitenda til greiðslu desemberuppþótar á grunnatvinnuleysistryggingar, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt, en samkvæmt gildandi lögum hefur árlega verið tekin ákvörðun um rétt atvinnuleitenda til greiðslu desemberuppþótar hverju sinni.

3.6. Eftirlit með atvinnuleysistryggingum atvinnuleitenda sem koma að atvinnurekstri.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að atvinnuleitandi sem kemur að atvinnurekstri lögaðila þar sem viðkomandi atvinnuleitandi er virkur aðili vegna eignar- eða stjórnunar- aðildar skuli tilgreina það starfshlutfall sem viðkomandi gegnir í samræmi við vinnuframlag sitt en starfshlutfallið getur þó aldrei orðið lægra en 25%.

3.7. Áhrif útgreiðslu séreignarsparnaðar á atvinnuleysistryggingar.

Lagt er til að útgreiðsla séreignarsparnaðar sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, komi ekki til frádráttar greiðslum atvinnuleysistrygginga. Lagt er til að hið sama skuli eiga við um útgreiðslu tilgreindrar séreignar skv. 14. gr. a sömu laga.

3.8. Breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

Lagðar eru til breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir sem þykja nauðsynlegar í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, þar sem Vinnumálastofnun var falin framkvæmd virknistyrkja til atvinnuleitenda sem rétt eiga á hlutaörorkulífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar og eru búsettir, með skráð lögheimili og staddir hér á landi. Er þar m.a. lagt til að skýrt verði kveðið á um heimildir Vinnumálastofnunar til að afla upplýsinga frá Skattinum að því marki sem talið er nauðsynlegt vegna vinnslu umsókna um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum,

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að stytting verði frá því sem nú er það tímabil sem einstaklingar geta fengið greiddar atvinnuleysistryggingar samkvæmt gildandi lögum. Í ljósi ákvæða 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er skýrt kveðið á um að stytting fyrrnefnds bótatímabil eigi eingöngu við um þá einstaklinga sem hefja nýtt bótatímabil eftir að stytting tímabilsins tekur gildi og skerði því ekki rétt þeirra einstaklinga sem þegar hafa hafið nýtingu á bótatímabili innan atvinnuleysistryggingakerfisins þegar stytting bótatímabilsins tekur gildi.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem þykja nauðsynlegar í tengslum við samning frá 28. janúar 2020 milli Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sbr. auglýsingu nr. 2/2020 í C-deild Stjórnartíðinda, um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, en í þeim samningi er gert ráð fyrir að við vissar aðstæður sé heimilt að líta til tryggingatímabila, starfstímabila launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga eða búsetutímabila í samræmi við reglugerð (EB) nr. 883/2004, um samræmingu almannatryggingakerfa.

Að öðru leyti þykir efni frumvarps þessa ekki fela í sér álitaefni sem kalla á sérstaka umfjöllun um samræmi við Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Við vinnslu frumvarpsins var m.a. litið til fyrri vinnu í tengslum við endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem fram fór á árunum 2021–2023 í tíð þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins og Vinnumálastofnun. Þá fundaði félags- og húsnaðismálaráðherra með Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Sambandi

íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins 26. mars 2025 þar sem framangreindir aðilar voru m.a. upplýstir um fyrirhugaða styttingu á bótatímabili atvinnuleysistrygginga.

Áform um lagasetningu voru kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 4.–19. september 2025 (mál nr. S-159/2025). Alls bárust 12 umsagnir um áformin sem komu til skoðunar við lokavinnslu frumvarpsins.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda 15.–29. október 2025 (mál nr. S-206/2025). Alls bárust 15 umsagnir sem teknar voru til skoðunar en sú skoðun leiddi þó ekki til breytinga á greinum frumvarpsins. Í ljósi ábendinga sem komu fram í umsögnum um mat á áhrifum frumvarpsins, þar með talið á fjárhag sveitarfélaga, var 6. kafli uppfærður og ítarlegar fjallað um mat á áhrifum. Þá var í samræmi við tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga bætt við ákvæði þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli innan tveggja ára meta hvaða áhrif stytting bótatímabils atvinnuleysistrygginga annars vegar og breytt lágmarksskilyrði fyrir rétti til atvinnuleysistrygginga hins vegar hafi haft á fjárhag sveitarfélög samanborið við ætluð áhrif á fjárhag sveitarfélaga, verði frumvarpið samþykkt. Í tengslum við vinnslu frumvarpsins var óskað eftir umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga barst ráðuneytinu 24. nóvember 2025 en þar kemur meðal annars fram að Sambandið gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu er varða styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga.

6. Mat á áhrifum.

Efni frumvarpsins snertir fyrst og fremst launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem sækja um atvinnuleysisbætur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar. Auk þess snertir frumvarpið Vinnumálastofnun sem fer með framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar sem og laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

Ekki verður séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði svo miklu nemi þar sem þeim er ætlað að gilda um bæði launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga óháð kyni. Þó má ætla að fyrirhugaðar breytingar muni hafa almennt meiri áhrif á karla en konur þar sem undanfarin ár hafa að jafnaði fleiri karlar verið skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun en konur.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hámarkslengd þess tímabils sem einstaklingar geta fengið greiddar atvinnuleysisbætur verði stytta frá því sem nú er samkvæmt gildandi lögum þar sem reynslan hefur sýnt að þeir einstaklingar sem fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins leita almennt ekki til sveitarfélaga í miklum mæli í tengslum við aðstoð við framfærslu. Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun voru um 55% þeirra einstaklinga sem fullnýttu rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árunum 2023 og 2024 þátttakendur á vinnumarkaði í janúar 2025 en um 9% hópsins fékk fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi á sama tíma. Við núverandi aðstæður á vinnumarkaði er áætlað að um 70 einstaklingar ljúki bótarétti sínum innan atvinnuleysistryggingakerfisins mánaðarlega og má því miðað við framangreindar forsendur ætla að um sjö einstaklingar úr þeim hópi leiti til sveitarfélags eftir fjárhagsaðstoð. Miðað sömu forsendur má áætla að þegar stytting á hámarkslengd þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar verði að fullu komin til framkvæmdar muni einstaklingum sem leita eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélags eftir að hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins fjölga úr sjö í 16 á mánuði á landinu öllu. Þó má ætla að fjölgunin verði ekki svo mikil þar sem ljóst þykir að einstaklingar sem

hafa verið án atvinnu í 18 mánuði standi styrkari fótum á vinnumarkaði en þeir sem hafa verið án atvinnu í 30 mánuði.

Þá er ekki gert ráð fyrir að breyting á lágmarksskilyrðum fyrir rétti til atvinnuleysis-trygginga hafi veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga, en reynslan hefur sýnt að meiri hluti þeirra sem skráðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins teljast að fullu tryggðir og hefur meðaltryggingarhlutfall atvinnuleitenda lengi verið hærri en 90%. Einstaklingar með lágmarksbótarétt innan kerfisins, eða 25%, í september 2025 voru 18. Þá voru 239 einstaklingar skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun með bótarétt undir 50% á sama tíma.

Fyrirséð er að efni frumvarpsins muni hafa áhrif á fjárhag ríkissjóðs en áhrifin geta þó orðið breytileg eftir því hvernig þróun atvinnuleysis verður á ári hverju. Sú breyting sem lögð er til á lögum um atvinnuleysistryggingar og gert er ráð fyrir að hafi í för með sér mestu útgjaldaáhrifin á fjárhag ríkissjóðs er stytting á hámarks lengd þess tímabils sem einstaklingar geta fengið greiddar atvinnuleysisbætur, um tólf mánuði eða úr 30 mánuðum í 18 mánuði. Áætlað er stytting tímabilsins hafi í för með sér lækkun útgjalda ríkissjóðs um 6.300 millj. kr. á ársgrundvelli, miðað við að skráð atvinnuleysi mælist á bilinu 3,5–4%, þegar áhrif breytingarinnar eru að fullu komin fram árið 2029. Áhrif styttingarinnar leiðir af sér lækkun útgjalda ríkissjóðs sem kemur fyrst fram 18 mánuðum eftir að hún kemst til framkvæmdar, eða í júlí 2027 verði frumvarpið að lögum 1. janúar 2026. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að útgjaldalækkun á árinu 2027 muni nema 1.200 millj. kr og að útgjaldalækkun á árinu 2028 muni nema 5.700 millj. kr. vegna styttingarinnar.

Þá er gert ráð fyrir að breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar hvað varðar ávinnslu atvinnuleysistrygginga þess efnis að atvinnuleitandi þurfi að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði til að geta talist tryggður innan kerfisins muni hafa í för með sér lækkun á útgjöldum ríkissjóðs sem nemi allt að 200 millj. kr. á ári. Sömuleiðis er áætlað að breytt og einfölduð stjórnsýsla atvinnuleysistrygginga hafi í för með sér um 4 millj. kr. lækkun á árlegum útgjöldum ríkissjóðs.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að greiðsla desemberuppbótar til atvinnuleitenda verði lögfest en áhrif þess reiknast sem útgjaldaaukning fyrir ríkissjóð þrátt fyrir að slík desemberuppbót hafi verið greidd á undanförunum árum á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnar hverju sinni. Áætluð heildarútgjöld vegna desemberuppbótar atvinnuleitenda á árinu 2025 eru um 590 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir um 21 millj. kr. einskiptiskostnaði hjá Vinnumálastofnun vegna innleiðingar á þeim breytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, svo sem vegna breytinga á tölvukerfum.

Er þannig áætlað að verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verði heildarfjárhagsáhrif á ríkissjóð útgjaldalækkun um 5.900 millj. króna á ársgrundvelli.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er m.a. kveðið á um að atvinnuleysistryggingar skuli greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem fjármagnaður sé með atvinnutryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innistæðufé sjóðsins. Þá er kveðið á um að Vinnumálastofnun skuli annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Hér er gert ráð fyrir að kostnaður við framkvæmd atvinnuleysistrygginga greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni, m.a. af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi. Er

þetta m.a. lagt til í ljósi þess að í kjölfar gildistöku laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, hefur Atvinnuleysistryggingasjóður talist hluti ríkissjóðs.

Þá er lagt til að skýrt verði kveðið á um að Vinnumálastofnun annist framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar líkt og verið hefur og er ekki um efnislegar breytingar að ræða frá gildandi lögum hvað það varðar.

Um 2. gr.

Í samræmi við breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er hér lagt til að 6. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, þar sem fjallað er um stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, verði felld brott.

Jafnframt er lagt til að 7. og 8. gr. laganna verði felldar brott en þar er kveðið á um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og stjórn þess sjóðs. Um nánari skýringar vísast til skýringa við 1. gr. frumvarpsins sem og kafla 3.1.

Um 3. gr.

Í 9. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er m.a. fjallað um heimildir Vinnumálastofnunar til að afla nauðsynlegra upplýsinga í tengslum við framkvæmd laganna. Hér er lagt til að felldar verði brott úr ákvæðinu málsgreinar ákvæðisins þar sem kveðið er á um heimildir Vinnumálastofnunar til upplýsingaöflunar en gert er ráð fyrir að efni þeirra verði fært í nýja 9. gr. a, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Þá er í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins lagt til að ráðherra þurfi ekki að afla umsagnar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs áður en reglugerð er sett um nánari framkvæmd ákvæðisins, enda gengið út frá því að sjóðurinn og þar með stjórn hans verði lögð niður.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að efni 4.–6. mgr. 9. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, þar sem kveðið er á um heimildir Vinnumálastofnunar til upplýsingaöflunar í tengslum við umsókn atvinnuleitanda um atvinnuleysisbætur, verði fært í nýtt ákvæði, 9. gr. a, undir fyrirsögninni *Upplýsingaöflun*. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar frá gildandi lögum um heimildir Vinnumálastofnunar til upplýsingaöflunar í tengslum við umsóknir um atvinnuleysisbætur. Er þó lagt til að í stað Vegagerðarinnar verði Samgöngustofu bætt við upptalningu þeirra aðila sem skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna. Er þetta lagt til þar sem Samgöngustofa býr almennt yfir upplýsingum sem Vega-gerðin bjó yfir áður og ætla má að geti verið nauðsynlegar svo að Vinnumálastofnun sé unnt að hafa virkt eftirlit með greiðslu atvinnuleysisbóta og að sannreyna hvort skilyrði fyrir greiðslum séu uppfyllt. Áfram er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun beri að upplýsa um-sækjanda um atvinnuleysisbætur um fyrirhugaða upplýsingaöflun í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

Lögð eru til þau nýmæli að Vinnumálastofnun verði heimil vinnsla upplýsinga frá Skattinum, Tryggingastofnun, Hagstofu Ísland og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og skólum á háskólastigi að því marki sem nauðsynlegt þykir að mati Vinnumálastofnunar í því skyni að kanna afdrif þeirra sem hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Gert er ráð fyrir að slíkra upplýsinga verði aðeins aflað í tölfraðilegum tilgangi. Er þetta m.a. lagt til í ljósi þess sem fram kemur í áliti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, dags. 3. apríl 2025, um skýrslu Ríkisendurskoðunar um atvinnuleysi og

vinnumarkaðsúrræði (156. löggjafarþing, þingskjal 350, 305. mál) þess efnis að það sé mat nefndarinnar að stjórnvöld þurfi að ráðast í markvissa öflun upplýsinga og greiningu á afdrifum þeirra sem fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta þar sem stjórnvöld þurfi að hafa betri yfirsýn yfir afdrif þessa hóps. Með slíkum upplýsingum sé stuðlað að traustari stefnu-mótun í málaflokknum og vitneskju um hvort endurskoða þurfi þætti eins og lengd tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar og/eða þess tímabils sem það tekur einstakling að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Með betri og nákvæmari greiningu megi jafnframt taka ákvarðanir um markvissa beitingu og umfang vinnumarkaðsúrræða.

Um 5. gr.

Í 6. mgr. 11. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um að kostnaður af starfsemi úrskurðarnefndar velferðarmála vegna mála sem vísað er til nefndarinnar á grundvelli 2. mgr. greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að umrætt ákvæði verði fellt brott. Áfram er þó gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd velferðarmála kveði upp úrskurði um ágreinings-efni sem kunna að rísa á grundvelli laganna og að kostnaður nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, sbr. 10. gr. laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, nr. 85/2015.

Um 6. gr.

Í 14. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo atvinnuleitandi teljist vera í virkri atvinnuleit. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ekki þurfi að afla umsagnar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs áður en ráðherra er heimilt að setja reglugerð á grundvelli ákvæðisins, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að sjóðurinn og þar með stjórn hans verði lögð niður.

Um 7 gr.

Í 2. mgr. 15. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um að launamaður sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, teljist tryggður hlutfallslega í samræmi við lengd starfstíma að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum. Sams konar ákvæði er að finna í 1. másl. 2. mgr. 19. gr. laganna hvað varðar hlutfallslega atvinnuleysistryggingu sjálfstætt starfandi einstaklinga. Gert er ráð fyrir því í gildandi lögum að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar teljist hlutfallslega tryggðir eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í þrjá mánuði, að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

Lagt er til að fyrrnefnd 2. mgr. 15. gr. laganna verði felld brott þannig að atvinnuleitendur geti fyrst talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins eftir að hafa starfað samfelld á innlendum vinnumarkaði í að minnsta kosti tólf mánuði, sbr. 1. mgr. 15. gr., að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

Þá er áfram gert ráð fyrir að tryggingarhlutfall launamanns geti aldrei orðið hærra en sem nemur starfshlutfalli hans á ávinnslutímabilinu eða því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 5. mgr. 15. gr. laganna og því jafnframt áfram gert ráð fyrir að atvinnuleitendur kunni að vera hlutfallslega tryggðir í slíkum tilvikum. Hið sama á við um sjálfstætt starfandi einstaklinga sem greitt hafa mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald á síðustu tólf mánuðum áður sótt er um atvinnuleysisbætur en þá ákvarðast tryggingahlutfall viðkomandi af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar.

Í 3. og 4. mgr. 15. gr. laganna er kveðið á um að nám og atvinnutengd starfsendurhæfing sem launamaður hefur lokið svari til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt gildandi lögum er miðað við að slíkt geti komið til hækkunar á tryggingarhlutfalli atvinnuleitanda hafi viðkomandi starfað í þrjá mánuði á ávinnslutímabili. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til hvað varðar lágmarksskilyrði til ávinnslu atvinnuleysistrygginga, samanber framangreint, eru hér lagðar til orðalagsbreytingar á fyrrgreindum málsgreinum. Áfram er gert ráð fyrir að þátttaka atvinnuleitanda í námi eða atvinnutengdri starfsendurhæfingu geti svarað til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi, að uppfylltum sömu skilyrðum og verið hefur, en ekki er gengið út frá því að atvinnuleitandi sem starfað hefur í skamman tíma á innlendum vinnumarkaði og lokið námi eða starfsendurhæfingu geti talist hlutfallslega tryggður. Er þannig gengið út frá því að sá sem hefur annaðhvort lokið námi eða atvinnutengdri starfsendurhæfingu og starfað á innlendum vinnumarkaði í níu mánuði á ávinnslutímabili geti talist að fullu tryggður, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Áfram er gert ráð fyrir að heimild þessi geti aðeins komið til hækkunar á tryggingarhlutfalli launamanns einu sinni á ávinnslutímabili.

Þá er loks gert ráð fyrir, í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins, að ráðherra verði áfram heimilt að kveða nánar á um ávinnslutímabil í reglugerð, en í því sambandi þurfi þó ekki að afla umsagnar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, enda gerir frumvarp þetta ráð fyrir að sjóðurinn og þar með stjórn hans verði lögð niður.

Um 8. gr.

Í 17. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um atvinnuleysistryggingar launamanna samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Hér eru lögð til þau nýmæli að í ákvæðinu verði skýrt kveðið á um að launamaður sem misst hefur starf sitt en kemur að atvinnurekstri lögaðila þar sem viðkomandi launamaður er virkur aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skuli tilgreina það starfshlutfall sem viðkomandi gegnir í samræmi við vinnuframlag sitt en starfshlutfallið geti þó aldrei orðið lægra en 25%. Er þetta lagt til í ljósi þess að það þykir samræmast illa tilgangi og markmiðum laganna að einstaklingar sem hafi með höndum atvinnurekstur séu á sama tíma skráðir að fullu atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun auk þess sem ljóst þykir að í slíkum aðstæðum kunni aðstæður að vera slíkar að skilyrði laganna um virka atvinnuleit teljist ekki vera uppfyllt.

Um 9 gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um að sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem greitt hefur mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald skemur en tólf mánuði en þó lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, teljist tryggður hlutfallslega að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

Hér eru lagðar til breytingar á fyrrnefndum lágmarksskilyrðum í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 7. gr. frumvarpsins hvað varðar skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingu launamanna. Er þannig gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar geti fyrst talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins eftir að hafa greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald samfellt á síðustu tólf mánuðum áður en viðkomandi sækir um atvinnuleysisbætur, að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna. Þá eru einnig lagðar til sams konar breytingar og lagðar eru til í 7. gr. frumvarpsins um ávinnslu

atvinnuleysistryggingar atvinnuleitanda sem lokið hefur námi á ávinnslutímabili. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til á lágmarksskilyrðum til ávinnslu atvinnuleysistrygginga, samanber framangreint, eru hér lagðar til tilteknar orðalagsbreytingar en áfram er gert ráð fyrir að þátttaka sjálfstætt starfandi einstaklings í námi geti svarað til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi, að uppfylltum sömu skilyrðum. Um nánari skýringar vísast til skýringa við 7. gr.

Þá er áfram gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar sem greitt hafa mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð ríkisskattstjóra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald á síðustu tólf mánuðum áður en sótt er um atvinnuleysisbætur kunni að vera hlutfallslega tryggðir, en þá ákvarðist tryggingahlutfall viðkomandi af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar.

Þá er loks gert ráð fyrir, í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins, að ráðherra verði áfram heimilt að kveða nánar á um ávinnslutímabil í reglugerð en að í því sambandi þurfi þó ekki að afla umsagnar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, enda gerir frumvarp þetta ráð fyrir að sjóðurinn og þar með stjórn hans verði lögð niður.

Um 10. gr.

Í 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um atvinnuleysistryggingar sjálfstætt starfandi einstaklinga samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Hér eru lögð til þau nýmæli að í ákvæðinu verði skýrt kveðið á um að sjálfstætt starfandi einstaklingur sem misst hefur starf sitt en kemur að atvinnurekstri lögaðila þar sem viðkomandi einstaklingur er virkur aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skuli tilgreina það starfshlutfall sem viðkomandi gegnir í samræmi við vinnuframlag sitt en starfshlutfallið geti þó aldrei orðið lægra en a.m.k. 25%. Er það gert í ljósi þess að það þykir samræmast illa tilgangi og markmiðum laganna að einstaklingar sem hafi með höndum atvinnurekstur séu á sama tíma skráðir að fullu atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun auk þess sem ljóst þykir að í slíkum aðstæðum kunni aðstæður að vera þannig að skilyrði laganna um virka atvinnuleit teljist ekki vera uppfyllt.

Um 11. gr.

Í 29. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er m.a. kveðið á um að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum geti átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta samfelld í 30 mánuði frá þeim degi er Vinnumálastofnun tók við umsókn hans um atvinnuleysisbætur nema annað leiði af lögnum.

Hér er lagt til að hámarkslengd tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar verði styttað um tólf mánuði þannig að heimilt verði að greiða atvinnuleysisbætur í samtals 18 mánuði í stað 30 mánaða. Er þetta m.a. lagt til þar sem leiða má að því líkur að atvinnuleitendur séu almennt ekki í virkri atvinnuleit í skilningi laganna eftir 18 mánaða atvinnuleit og því kunni að vera tilefni til að meta heildstætt hvort þeir þurfi á annars konar aðstoð að halda en atvinnuleysisbótum að þeim tíma liðnum. Mikilvægt þykir að rík áhersla sé lögð á að aðstoða fólk sem fyrst aftur út á vinnumarkað eftir að það hefur misst fyrra starf sitt en reynslan hefur sýnt að því lengur sem fjarvera fólks frá vinnumarkaði varir því erfiðara reynist fyrir viðkomandi að snúa aftur á vinnumarkað. Samhliða fyrrnefndum breytingum er því jafnframt gengið úr frá því að sú aðstoð sem Vinnumálastofnun veitir fólki sem misst hefur atvinnu verði efld þannig að koma megi í veg fyrir langtímaatvinnuleysi eins og frekast er unnt. Þá er jafnframt reiknað með því að hlutaðeigandi atvinnuleitanda hafi að lokinni 18 mánaða virkri atvinnuleit staðið til boða viðeigandi aðstoð og úrræði. Ekki er gert ráð fyrir að stytting hámarkslengdar þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar taki til atvinnuleitenda sem

þegar fá greiddar atvinnuleysisbætur 1. janúar 2026 né þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur eftir 1. janúar 2026 þegar ekki er um að ræða nýtt tímabil atvinnuleysistrygginga, sbr. 40. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að vísun til XI. kafla laganna í 1. mgr. 29. gr. laganna verði breytt í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 30. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í 30. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um endurnýjun tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar þegar atvinnuleitandi hefur fullnýtt rétt sinn til greiðslu atvinnuleysisbóta. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 6., 8. og 10. gr. frumvarpsins er hér lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals 18 mánuði geti áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum, enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. tólf mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá gildandi lögum hvað varðar endurnýjun tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar eftir að tímabil skv. 29. gr. laganna hefur verið fullnýtt, að því undanskildu að gert er ráð fyrir að atvinnuleitendur þurfi að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í að minnsta kosti tólf mánuði eftir að fyrra tímabili lauk í stað sex mánaða líkt og gildandi lög gera ráð fyrir. Er þetta lagt til í ljósi þess að frumvarp þetta gerir ráð fyrir að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geti fyrst talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í að minnsta kosti tólf mánuði.

Um 13. gr.

Hér eru lögð til þau nýmæli að í lögum um atvinnuleysistryggingar verði skýrt kveðið á um rétt þess sem telst tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins til greiðslu desemberuppbótar á grunnatvinnuleysisbætur, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt.

Lagt er til að í 1. mgr. verði kveðið á um að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum og staðfestir atvinnuleit í nóvembermánuði eigi rétt á sérstakri desemberuppbót á grunnatvinnuleysisbætur á sama ári í samræmi við lengd þess tíma sem hann hefur verið skráður án atvinnu á því ári sem um ræðir hverju sinni sem og tryggingarhlutfall viðkomandi á þeim tíma. Er þannig gert ráð fyrir að fyrirkomulag við útreikning á fjárhæð desemberuppbótar á grunnatvinnuleysisbætur taki mið af því hvernig greiðslu slíkrar uppbótar hefur verið háttað undanfarin ár. Þeir sem eru atvinnulausir í nóvembermánuði ár hvert og teljast tryggðir á grundvelli frumvarpsins geta því átt rétt á desemberuppbót svo lengi sem þeir eru skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun og staðfesta atvinnuleit sína í þeim mánuði.

Þá er lagt til að í 2. mgr. verði kveðið á að hámarksfjárhæð desemberuppbótar skuli nema 30% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum á ári hverju. Mikilvægt þykir að fjárhæð desemberuppbótar hækki til samræmis við fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta en undanfarin ár hefur verið miðað við að desemberuppbót á grunnatvinnuleysisbætur nemi fjárhæð sem samsvarar 30% af grunnatvinnuleysisbótum hverju sinni. Enn fremur er lagt til að lágmarksfjárhæð desemberuppbótar skuli nema 25% af hámarksfjárhæð desemberuppbótar hverju sinni líkt og verið hefur undanfarin ár.

Þá er lagt til að í 3. mgr. ákvæðisins verði kveðið á um að Vinnumálastofnun greiði út desemberuppbót á grunnatvinnuleysisbætur eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Gert er ráð fyrir að ráðherra skuli setja reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu desemberuppbótar á grunnatvinnuleysisbætur. Með slíkum skilyrðum er m.a. átt

við skilyrði til að tryggja að atvinnuleitandi geti ekki fengið greidda fulla desemberuppbót á grunnatvinnuleysistryggingar á sama tíma og hann fær greidda desemberuppbót að hluta eða öllu leyti frá atvinnurekanda.

Mikilvægt þykir að þeim sem staðfesta atvinnuleit sína í nóvember ár hvert sé tryggð greiðsla desemberuppbótar á grunnatvinnuleysistryggingar á sama hátt og almennt gildir á vinnumarkaði á grundvelli kjarasamninga. Því verður að ætla að ef grundvallarbreytingar verða á því hvernig samtök aðila vinnumarkaðarins semja sín á milli um slíka uppbót verði fyrirkomulag við greiðslu desemberuppbótar á grunnatvinnuleysistryggingar einnig endurskoðað.

Um 14. gr.

Í 2. málsl. 6. mgr. 32. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um að miða skuli við 21,67 daga til að reikna út atvinnuleysisbætur fyrir hvern dag. Hér er lagt til að málsliðurinn verði felldur brott í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 16. gr. frumvarpsins

Um 15. gr.

Í 4. málsl. 3. mgr. 33. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að ákveða í reglugerð, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiddar séu sérstakar desemberuppbætur á grunnatvinnuleysisbætur í lok hvers árs að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Hér er lagt til að málsliðurinn verði felldur brott. Er það í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 13. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að greiðsla desemberuppbótar á grunnatvinnuleysisbætur verði lögfest.

Um 16. gr.

Í 35. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er fjallað um tilhögun greiðslna atvinnuleysisbóta og segir í 1. mgr. ákvæðisins að atvinnuleysisbætur skulu greiddar fyrsta virka dag hvers mánaðar og skuli þær greiddar eftir á fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði þannig að miðist við fyrsta til síðasta dag viðkomandi mánaðar. Hér er lagt til að í ákvæðinu verði kveðið á um að við útreikning atvinnuleysisbóta fyrir hvern dag skuli miða við 30 daga í hverjum almanaksmánuði. Er um nýmæli að ræða en skv. 6. mgr. 32. gr. laganna er miðað við 21,67 daga. Gildandi fyrirkomulag hefur í framkvæmd þótt ósanngjarnt m.a. í þeim tilvikum er atvinnuleitendur gera hlé á virkri atvinnuleit til skamms tíma. Þykir því rétt að breyta framangreindu viðmiði þannig að miðað sé við 30 daga í mánuði m.a. í því skyni að mánaðargreiðsla sé í betra samræmi hlutfallslega við þann tíma sem atvinnuleitandi sinnti virkri atvinnuleit í viðkomandi mánuði en nú er samkvæmt gildandi lögum.

Í 3. mgr. er m.a. kveðið á um að komist Vinnumálastofnun að því, eftir að hafa upplýst málið nægjanlega, að hinn tryggði hafi átt rétt á greiðslu sem haldið hafi verið eftir á grundvelli 2. mgr. beri stofnuninni að greiða þá fjárhæð í síðasta lagi næsta greiðsludag skv. 1. mgr. ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er hér lagt til að í ákvæðinu vísað verði til Vinnumálastofnunar í stað Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá því sem gilt hefur í framkvæmd hvað varðar endurgreiðslur Vinnumálastofnunar.

Um 17. gr.

Í 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er m.a. fjallað um hvers konar tekjur eða greiðslur úr öðrum tryggingakerfum komi til frádráttar greiðslu atvinnuleysisbóta. Hér eru lögð til þau

nýmæli að í ákvæðinu verði skýrt kveðið á um að útgreiðsla séreignarsparnaðar sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, skuli ekki koma til frádráttar greiðslum atvinnuleysisbóta. Þá er gert ráð fyrir að hið sama skuli eiga við um útgreiðslu tilgreindrar séreignar skv. 14. gr. a sömu laga. Er þetta lagt til í ljósi eðlis slíks sparnaðar en eðlilegt þykir að ákvörðun réttihafa séreignarsparnaðar um útgreiðsla sparnaðar síns komi ekki til skerðingar greiðslu atvinnuleysistrygginga til viðkomandi.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er m.a. kveðið á um að sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur greiði að lágmarki 4% af atvinnuleysisbótum skv. 32. og 33. gr. laganna í lífeyrissjóð og að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði 11,5% mótframlag. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er hér lagt til að í ákvæðinu verði vísað til Vinnumálastofnunar í stað Atvinnuleysistryggingasjóðs en ekki er um efnislega breytingu að ræða hvað varðar greiðslu mótframlags í lífeyrissjóði samkvæmt lögnum.

Um 19. gr.

Í 39. gr. laganna er kveðið á um leiðréttingu á atvinnuleysisbótum. Í 3. mgr. ákvæðisins er m.a. kveðið á um að heimilt sé að skuldajafna ofgreiddum atvinnuleysisbótum á móti inneign hins tryggða vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Þá segir í 3. mgr. að sá ráðherra er fari með tekjuöflun ríkisins skuli setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsörð. Hér er lagt til að kveðið verði á um að fyrrnefndum ráðherra verði heimilt að setja slíka reglugerð en heppilegra þykir að um heimild ráðherra sé að ræða frekar en skyldu hvað varðar setningu reglugerðar í fyrrnefndu sambandi.

Þá er lagt til að orðalagi 39. gr. laganna verði breytt í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Í 40. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er fjallað um heimild Vinnumálastofnunar til að greiða launamanni gjaldþrota félags atvinnuleysisbætur þann tíma sem hann er án atvinnu frá uppkvaðningu úrskurðar um að bú félagsins skuli tekið til gjaldþrotaskipta meðan hann bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, enda uppfylli hann skilyrði laganna. Skilyrði fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt ákvæðinu er að launamaður framselji Atvinnuleysistryggingasjóði þann hluta launakröfu sinnar á hendur Ábyrgðasjóði launa er nemur fjárhæð þeirra atvinnuleysisbóta sem hann fær greiddar á þessum tíma. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er hér lagt til að í stað þess að launamaður framselji Atvinnuleysistryggingasjóði fyrrnefnda launakröfu verði kveðið á um að launamanni beri að framselja Vinnumálastofnun framangreinda kröfu sína. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum hvað varðar heimildir Vinnumálastofnunar til greiðslu atvinnuleysisbóta að öðru leyti við gjaldþrot félags.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott 6. mgr. 42. gr. laga um atvinnuleysistryggingar þar sem kveðið er á um heimild ráðherra til að kveða nánar á um atvinnuleysistryggingar launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, Norðurlandasamnings um almannatryggingar og

samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Er þetta lagt til í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 24. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Í 47. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er m.a. kveðið á um heimild Vinnuálastofnunar til að taka tillit til starfstímabila atvinnuleitanda sem launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum á ávinnslutímabili samkvæmt lögnum við mat á atvinnuleysistryggingu hans, enda hafi störf hans í því ríki veitt honum rétt samkvæmt lögum þess ríkis um atvinnuleysistryggingar og að uppfylltum öðrum skilyrðum. Hér er lagt til að jafnframt verði heimilt, eftir því sem við á hverju sinni, að taka tillit til starfstímabila atvinnuleitanda í Bretlandi á ávinnslutímabili samkvæmt lögnum. Þykir það nauðsynlegt í kjölfar samnings um samræmingu á sviði almannatrygginga milli Íslands og Furstadæmisins Liechtenstein, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem undirritaður var 30. júní 2023.

Um 23. gr.

Í 49. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er fjallað um greiðsla atvinnuleysisbóta til réttihafa úr erlendum tryggingakerfum. Hér eru lagðar til orðalagsbreytingar í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins en ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá því sem gilt hefur samkvæmt gildandi lögum hvað varðar greiðslur atvinnuleysisbóta til réttihafa úr erlendum tryggingakerfum.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að í stað gildandi 6. mgr. 42. gr. laga um atvinnuleysistryggingar verði í nýju ákvæði, 49. gr. a í lögnum, kveðið á um heimild ráðherra til að innleiða með reglugerð almannatryggingareglur Evrópusambandsins eins og þær eru felldar inn í viðauka VI við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, sbr. einnig ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 sem fellir undir samninginn reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004, um samræmingu almannatryggingakerfa og nr. 987/2009 um framkvæmd hennar. Enn fremur er gert ráð fyrir að reglugerðir Evrópusambandsins, sem teknar verða upp í samninginn og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreindar reglugerðir, verði einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Þá er gert ráð fyrir að hið sama eigi við um almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og um milliríkjasamninga sem gilda á milli Íslands og Bretlands, eftir því sem við á, en með því er gert ráð fyrir að heimilt verði að innleiða með reglugerðum almannatryggingareglur í milliríkjasamningum milli Íslands og Bretlands. Í kjölfar samnings um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, frá 28. janúar 2020, milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sbr. auglýsingu nr. 2/2020 í C-deild Stjórnartíðinda, þykir nauðsynlegt að sambærileg lagaheimild um reglugerðarbirtingu gildi einnig um samninga á sviði almannatrygginga milli Íslands og Bretlands líkt og gildir um reglugerðarbirtingu á sviði almannatrygginga í tengslum við framangreinda milliríkjasamninga.

Almennt er efni gerða Evrópusambandsins, sem sameiginlega EES-nefndin samþykkir að fella undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið á sviði almannatrygginga, innleitt með

reglugerðum, enda sé reglugerðarheimild fyrir hendi í gildandi lögum hverju sinni og hafa reglugerðir um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar verið settar með stoð í 6. mgr. 42. gr. laga um atvinnuleysistryggingar sem og ákvæðum laga um almannatryggingar, laga um fæðingar- og foreldraorlof og laga um sjúkratryggingar, eftir því sem við á. Þykir sú framsetning reglugerðarheimildar sem hér er lögð til skýrari en sambærileg heimild í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, sbr. 6. mgr. 42. gr. laganna, og er hin nýja framsetning einnig í samræmi við sambærilegt ákvæði laga um almannatryggingar.

Um 25. gr.

Í 52. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er fjallað um áhrif náms á rétt einstaklinga til atvinnuleysistrygginga samkvæmt lögnum og eru hér tilteknar breytingar lagðar til í því skyni að einfalda og skýra þær heimildir sem atvinnuleitendur hafa til þess að stunda nám án þess að það hafi áhrif á réttindi innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Áfram er gert ráð fyrir að atvinnuleitendur geti stundað nám á háskólastigi sem nemur að hámarki 12 ECTS-einingum á námsönn. Aftur á móti er lagt til að ekki verði lengur gert að skilyrði að um svo lágt námshlutfall sé að ræða að námið teljist ekki lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna en samkvæmt lögum um sjóðinn er almennt heimilt að veita námslán vegna skólagjalda í skóla og til náms sem er viðurkennt samkvæmt lögnum og er skipulagt sem a.m.k. 45 ECTS-eininga nám eða ígildi þeirra á hverju skólaári.

Jafnframt er lagt til að 3. mgr. 52. gr. laganna verði felld brott en þar er m.a. kveðið á um heimild Vinnuálastofnunar til að meta þegar sérstaklega stendur á hvort sá sem stundar nám á framhaldsskólastigi sem nemur allt að 20 einingum á námsönn eða á háskólastigi sem nemur allt að 20 ECTS-einingum á námsönn uppfylli skilyrði laganna enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna og að uppfylltum öðrum skilyrðum. Við slíkar aðstæður hafa atvinnuleitendur getað átt rétt til skertra atvinnuleysisbóta meðan á námi stendur. Er þetta lagt til í ljósi þess að umræddri heimild hefur í framkvæmd lítið verið beitt og árangur af námsþátttöku samhliða greiðslu skertra atvinnuleysisbóta verið takmarkaður.

Þá er lagt til að 4. mgr. 52. gr. laganna verði felld brott en þar er kveðið á um að hinum tryggða sé heimilt að stunda nám sem er skipulagt samhliða vinnu af viðkomandi menntastofnun og er ekki lánshæft til framfærslu hjá Menntasjóði námsmanna án þess að komi til skerðingar á rétti hans til atvinnuleysistrygginga, enda hindri námið hvorki virka atvinnuleit viðkomandi né möguleika hans til þátttöku á vinnumarkaði. Er þetta lagt til í því skyni að stuðla að því að koma í veg fyrir að misræmi sé milli heimilda atvinnuleitenda til þess að stunda nám samhliða atvinnuleysistryggingum, án þess að komi til skerðingar á rétti þeirra til atvinnuleysistrygginga, eftir því hjá hvaða menntastofnun þeir stunda sambærilegt nám. Þykir það mikilvægt í því skyni að tryggja að jafnræðis sé gætt þegar kemur að heimild atvinnuleitenda til að stunda nám samhliða atvinnuleysistryggingum án þess að komi til skerðingar á rétti þeirra til atvinnuleysistrygginga. Þá þykir mikilvægt að réttindi atvinnuleitenda til atvinnuleysistrygginga ráðist ekki af því hvernig einstaka menntastofnanir skipuleggja námsframboð hverju sinni.

Í 5. mgr. 52. gr. laganna er kveðið á um að hinum tryggða skuli ávallt heimilt að ljúka þeirri önn sem sé yfirstandandi við starfslok hans eða þegar hann missir starf sitt að hluta án þess að komi til skerðingar á rétti hans til atvinnuleysistrygginga. Í því skyni að skýra framangreint enn frekar er hér lagt til að við málsgreinina verði bætt að gert sé ráð fyrir að ekki hafi verið um að ræða tímabundið starf í námshléi auk þess sem gert sé ráð fyrir að hinn tryggði hafi misst starf sitt vegna gildra ástæðna.

Enn fremur er lagt til að við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að þrátt fyrir 1. mgr. ákvæðisins sé hinum tryggð heimilt að stunda nám sem er hluti vinnumarkaðsúrræða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar. Ekki er um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum hvað þetta varðar, enda áfram gengið út frá því að nám geti verið nauðsynlegur liður í því að auka vinnufærni atvinnuleitanda og til þess fallið að skila einstaklingnum árangri við að finna sér starf og því jafnframt eðlilegt að í slíkum tilvikum geti atvinnuleitandi talist tryggður samkvæmt lögunum samhliða námi. Áfram er lögð áhersla á að skilgreina þurfi vel hvenær námsúrræði geti nýst einstaklingum í atvinnuleit en ætla má að það eigi einkum við um starfstengt nám við nánar tilgreindar aðstæður. Eru í því sambandi jafnframt lögð til þau nýmæli að ráðherra verði heimilt að kveða á um í reglugerð um auknar heimildir tiltekinna hópa atvinnuleitenda, svo sem þeirra sem skráðir hafa verið án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í tólf mánuði eða lengur, til þess að stunda tiltekið nám á framhaldsskólastigi eða á háskólastigi. Ljóst þykir að sérstakt námsátak sem ráðist hefur verið í, svo sem átakið *Nám er tækifæri*, hafi í framkvæmd nýst vel í því skyni að aðstoða einstaklinga aftur út á vinnumarkað og þykir mikilvægt að heimilt verði að útfæra í reglugerð auknar heimildir tiltekinna hópa til þess að stunda nám við sérstakar aðstæður.

Um 26.–33. gr.

Í lögum um atvinnuleysisstryggingar er fjallað um biðtíma eftir atvinnuleysisbótum í X. kafla laganna. Þá er fjallað um viðurlög í XI. kafla laganna. Lagt er til að efni fyrrnefndra kafla verði sameinað í einn kafla og að kaflafyrirsögn X. kafla verði „Biðtími eftir atvinnuleysisbótum og viðurlög“. Þykja umræddar breytingar vera til einföldunar en ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá gildandi lögum hvað varðar þau tilvik sem geta leitt til biðtíma eftir atvinnuleysisbótum eða viðurlaga.

Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu um styttingu hámarkslengdar þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar úr 30 mánuðum í 18 mánuði, sbr. 11. gr. frumvarpsins, er þó gert ráð fyrir að felldar verði brott málsgreinar í 54., 55., 57., 58., og 59. gr. þar sem kveðið er á um að hafi hinn tryggði fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samtals 24 mánuði eða lengur á sama bótatímabili þegar atvik sem lýst er í 1. mgr. umræddra ákvæða á sér stað skuli hinn tryggði ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en hann uppfyllir skilyrði 31. gr. laganna.

Þá er lagt til að efni fyrrgreindra ákvæða laga um atvinnuleysisstryggingar um skyldur atvinnuleitenda meðan á biðtíma stendur verði fært í sérstakt ákvæði þar sem kveðið verði á um skyldur atvinnuleitanda meðan á biðtíma eftir greiðslu atvinnuleysisbóta stendur, sbr. 35. gr. frumvarpsins, en ekki eru lagðar til efnislegar breytingar frá gildandi lögum hvað varðar þær skyldur atvinnuleitenda.

Þá er loks gert ráð fyrir að 56. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar verði felld brott og efni ákvæðisins fært í 61. gr. þar sem kveðið verði á um ítrekunaráhrif í tengslum við brot gegn ákvæðum laganna, sbr. 34. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Í lögum um atvinnuleysisstryggingar er í tveimur ákvæðum fjallað um ítrekunaráhrif vegna fyrri ákvarðana Vinnumálastofnunar um biðtíma eða viðurlög. Hér er lagt til að kveðið verði á um í einu ákvæði í lögunum um ítrekunaráhrif vegna fyrri ákvarðana Vinnumálastofnunar um biðtíma eða viðurlög.

Gert er ráð fyrir að sá sem áður hafi sætt biðtíma skv. 54.–59. gr. laganna og eitthvert þeirra tilvika sem þar greinir á sér stað að nýju á sama tímabili skv. 29. gr. skuli ekki eiga rétt á

greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að þremur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar atvinnuleysisbætur fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir að þegar biðtími fellur niður skv. 2. mgr. 61. gr. a, sbr. 2. mgr. 35. gr. frumvarpsins, leggist sá tími sem eftir var af fyrri ákvörðun um biðtíma saman við biðtíma skv. 1. mgr. ákvæðisins. Þá er gert ráð fyrir að endurtaki atvik sig sem lýst er í 1. málsl. 1. mgr. ákvæðisins á sama tímabili skv. 29. gr. laganna skuli hinn tryggði ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann uppfyllir skilyrði 31. gr. laganna. Lagt er til að ítrekunaráhrif falli niður þegar nýtt tímabil skv. 29. gr. laganna hefst, sbr. 30. eða 31. gr. þeirra. Ítrekunaráhrif biðtíma samkvæmt frumvarpinu gera því ráð fyrir að í fyrsta sinn sem atvinnuleitanda er gert að sæta biðtíma á grundvelli 54.–59. gr. laganna skuli biðtími vera tveir mánuðir. Ef viðkomandi er gert að sæta biðtíma að nýju á sama tímabili skv. 29. gr. laganna sætir hann þriggja mánaða biðtíma og ef atvik endurtaka sig í þriðja sinn á sama tímabili skv. 29. gr. missir atvinnuleitandi rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta. Þarf viðkomandi í slíkum tilfellum að ávinna sér rétt til atvinnuleysistrygginga að nýju. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum hvað varðar slík ítrekunaráhrif.

Um 35. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um skyldur atvinnuleitanda meðan á biðtíma stendur í einu ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingar í stað þess að kveðið sé á um umræddar skyldur í mörgum mismunandi ákvæðum líkt og gert er í gildandi lögum, enda um að ræða sömu skyldur í öllum tilvikum. Er þannig áfram gert ráð fyrir að hinn tryggði skuli uppfylla skilyrði laganna meðan á biðtíma stendur en í því felst m.a. að honum ber að staðfesta atvinnuleit sem og að vera virkur í atvinnuleit á meðan biðtími varir. Þá er áfram gert ráð fyrir að taki hinn tryggði starfi meðan á tveggja mánaða biðtíma stendur og starfið er ekki hluti af vinnumarkaðsaðgerðum falli biðtíminn niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. hálfan mánuð á vinnumarkaði áður en hann sækir að nýju um atvinnuleysisbætur, enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það vegna gildra ástæðna að mati Vinnumálastofnunar. Vari starfið hins vegar skemur en hálfan mánuð, viðkomandi hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann hefur sjálfur átt sök á er jafnframt áfram gert ráð fyrir að biðtíminn haldi áfram að líða þegar hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 54. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að niðurfelling á biðtíma samkvæmt ákvæði þessu eigi einungis við þegar um tveggja mánaða biðtíma er að ræða. Þegar um er að ræða ítrekuð viðurlög er gert ráð fyrir að 61. gr. laganna gildi, sbr. 34. gr. frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir að ítrekuð viðurlög falli einungis niður í þeim tilfellum þegar atvinnuleitandi hefur áunnið sér rétt til atvinnuleysisbóta á nýju tímabili skv. 29. gr. laganna.

Um 36. gr.

Hér er lagt til að XII. kafla laganna verði XI. kafla í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 26. og 30. gr. frumvarpsins.

Um 37. gr.

Í 62. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er fjallað um styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna einstaklinga. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er hér lagt til að í ákvæðinu verði kveðið á um að Vinnumálastofnun verði heimilt að veita styrki samkvæmt ákvæðinu en ekki er um efnislega breytingu að ræða hvað varðar styrki vegna einstaklinga á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar frá því sem gilt hefur í framkvæmd.

Þá eru lögð til þau nýmæli að krafa atvinnurekanda í tengslum við greiðslu styrks vegna ráðningar atvinnuleitanda til starfa skuli berast Vinnumálastofnun innan þriggja mánaða frá því að launagreiðsla hefur farið fram. Að öðrum kosti skuli falla niður heimild Vinnumálastofnunar til greiðslu styrks til hlutaðeigandi atvinnurekanda vegna þeirrar launagreiðslu. Í samræmi við ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, greiðir Vinnumálastofnun almennt reikninga frá atvinnurekendum sem berast stofnuninni innan fjögurra ára frá því að launagreiðsla fer fram. Hins vegar þykir mikilvægt að kveðið verði á um sérstaka fyrningarreglu hvað varðar reikninga frá atvinnurekendum sem ráðið hafa einstaklinga til starfa og hafa sótt um styrk vegna ráðningarinnar, ekki síst í því skyni að betur sé unnt að áætla heildarkostnað málaflokksins á hverjum tíma en nú er.

Þá er í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins um að ráðherra þurfi ekki að afla umsagnar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs áður en reglugerð er sett um nánari framkvæmd ákvæðisins, enda gengið úr frá því að sjóðurinn og þar með stjórn hans verði lögð niður.

Um 38. gr.

Í 63. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er fjallað um heimild ráðherra til að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði til verkefna á vinnumarkaði, að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er hér lagt til að ráðherra verði heimilt að veita slíka styrki án þess að fyrir liggi tillaga stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, enda gengið út frá því að sjóðurinn og þar með stjórn hans verði lögð niður.

Um 39. gr.

Í 64. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins er hér lagt til að ráðherra þurfi ekki að afla umsagnar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs áður en slík reglugerð er sett, enda gengið út frá því að sjóðurinn og þar með stjórn hans verði lögð niður.

Um 40. gr.

Hér er lagt til að við lög um atvinnuleysistryggingar bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða. Annars vegar er lagt til að bætt verði við löginn ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að þeir sem skráðir eru án atvinnu innan atvinnuleysistryggingakerfisins og fá greiddar atvinnuleysisbætur þegar gert er ráð fyrir að þær breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu taki gildi þann 1. janúar 2026, skuli eiga rétt til atvinnuleysisbóta í samtals 30 mánuði. Gert er ráð fyrir að hið sama eigi við um þá sem sækja um atvinnuleysisbætur eftir 1. janúar 2026 eftir að hafa starfað í skemmri tíma en 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði frá því að hafa síðast fengið greiddar atvinnuleysisbætur, en gengið er út frá því að þeir einstaklingar haldi áfram að nýta fyrra tímabil, sbr. 29. gr. laganna. Er þannig lagt til að ákvæðið nái til þeirra sem hafa virkan rétt til atvinnuleysisbóta skv. 1. mgr. 29. gr. laganna við fyrirhugaða gildistöku þeirra breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu sem og þeirra sem skrá sig án atvinnu og sækja um atvinnuleysisbætur í kjölfar gildistöku umræddra breytinga á lögnum og halda áfram að nýta fyrra tímabil, sbr. 4. mgr. 29. gr. laganna, sbr. einnig 28. og 31. gr. laganna. Mikilvægt þykir að skýrt sé kveðið á um í lögnum að við framangreindar aðstæður skerðist réttur viðkomandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta ekki þrátt fyrir að kveðið sé á um í 29. gr. laganna að

hámarks lengd þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar séu 18 mánuðir, sbr. 11. gr. frumvarpsins, enda um að ræða réttindi sem njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 501/2016.

Hins vegar er lagt til að kveðið verði á um í ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysisstryggingar að ráðherra skuli fyrir 31. desember 2027 leggja mat á hvaða áhrif það hefur haft á fjárhag sveitarfélaga, að breyta lágmarksskilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta sem og að stytta það tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar úr 30 mánuðum í 18 mánuði, sbr. 7. og 9. gr. frumvarpsins, samanborið við ætluð áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Í því sambandi þykir m.a. mikilvægt að könnuð séu afdrif þeirra atvinnuleitenda sem fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysisstryggingakerfisins eftir að breytingarnar öðlast gildi en gengið er út frá því að umrætt mat verði unnið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um 41. gr.

Hér er lagt til að orðin „að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar“ í 5. mgr. 4. gr., 4. mgr. 7. gr., 5. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir falli brott. Er þetta m.a. lagt til í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu á hlutverki Vinnumálastofnunar. Í framangreindum ákvæðum laga um vinnumarkaðsaðgerðir er gert ráð fyrir að ákvarðanir eða reglugerðarheimildir ráðherra í málaflokknum séu háðar því skilyrði að áður hafi verið aflað umsagnar stjórnar Vinnumálastofnunar. Hið sama á við um ákvarðanir ráðherra innan atvinnuleysisstryggingakerfisins sem gjarnan eru háðar því skilyrði að umsögn stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs hafi verið aflað, sbr. lög um atvinnuleysisstryggingar. Í ljósi þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir er ekki gert ráð fyrir að ákvarðanir ráðherra samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir verði háðar því skilyrði að umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar sé aflað en þess í stað gert ráð fyrir að stjórn Vinnumálastofnunar verði ráðherra til ráðgjafar við stefnumótun í málaflokknum almennt, sbr. 43. gr. frumvarpsins.

Um 42. gr.

Hér er lagt til að 6. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir falli brott en þar er kveðið á um skipan og hlutverk svæðisbundinna vinnumarkaðsráða. Kveðið er á um átta vinnumarkaðsráð sem hvert er skipað sjö fulltrúum og jafn mörgum til vara. Samkvæmt lögunum er hlutverk vinnumarkaðsráðanna að skila skýrslu um stöðu atvinnumála ásamt því að eiga frumkvæði að tillögum að vinnumarkaðsúræðum. Undanfarin ár hefur í framkvæmd reynst vandasamt að afla tilnefninga um fulltrúa í ráðin. Þá hafa ráðin fundað óreglulega og tilviljanakennt hefur þótt hvernig skipulagi er háttað. Enn fremur hefur hlutverk svæðisbundinna vinnumarkaðsráða þótt skarast að nokkru leyti við hlutverk stjórnar Vinnumálastofnunar. Í ljósi framangreinds er lagt til að ráðin verði lögð niður en gert er ráð fyrir að það verði lögfest sem eitt af hlutverkum stjórnar Vinnumálastofnunar að fylgjast með atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða á hverju svæði, sbr. 43. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Í 5. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir er kveðið á um hlutverk stjórnar Vinnumálastofnunar. Í ljósi þeirra breytinga sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir hvað varðar breytta stjórn-sýslu atvinnuleysisstrygginga sem og niðurlagningu Atvinnuleysisstryggingasjóðs og þar með niðurlagningu stjórnar sjóðsins þykir nauðsynlegt að leggja til breytt hlutverk stjórnar Vinnumálastofnunar. Rétt þykir að stjórn Vinnumálastofnunar verði falið ráðgefandi hlutvert

gagnvart ráðherra og afmarkað eftirlit með starfsemi stofnunarinnar en aftur á móti er gert ráð fyrir takmarkaðri aðkomu stjórnarinnar að daglegum rekstri stofnunarinnar. Lagt er til að ráðherra skipi níu manna stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fengnum tilnefningum. Lagt er til að tveir fulltrúar í stjórn Vinnumálastofnunar skuli tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi háskólamanna, einn af BSRB, einn af því ráðuneyti er fer með starfsmannamál ríkisins, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir af Samtökum atvinnulífsins. Jafnframt er lagt til að tilnefna skuli jafnmarga fulltrúa til vara á sama hátt. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skipi einn fulltrúa í stjórn Vinnumálastofnunar án tilnefningar og að hann skuli vera formaður stjórnar Vinnumálastofnunar. Enn fremur er gert ráð fyrir að ráðherra skipi varamann formanns stjórnar Vinnumálastofnunar án tilnefningar og lagt er til að hann skuli jafnframt vera varaformaður stjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði þóknun fulltrúa í stjórn Vinnumálastofnunar. Ákveði ráðherra að fulltrúum í stjórn skuli greidd þóknun er gert ráð fyrir að þóknunin skuli greidd af rekstrarfé Vinnumálastofnunar. Lagt er til að í ákvæðinu verði kveðið á um að formaður stjórnar Vinnumálastofnunar skuli boða til stjórnarfunda og stýra þeim. Þá er áfram gert ráð fyrir að á fulltrúum í stjórn Vinnumálastofnunar hvíli þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga og að forstjóri stofnunarinnar sitji fundi stjórnarinnar með málfrælsi og tillögurétt.

Áfram er gert ráð fyrir að stjórn Vinnumálastofnunar staðfesti skipulag stofnunarinnar og árlega starfs- og fjárhagsáætlun hennar. Þá er gert ráð fyrir að stjórnin annist eftirlit með framvindu fyrrnefndra áætlana og þeirra verkefna sem stofnuninni er falið að annast samkvæmt lögum eða reglugerðum. Enn fremur er gert ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar skuli vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera ráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. a laga um vinnumarkaðsaðgerðir er kveðið á um skyldu Vinnumálastofnunar til upplýsingaöflunar til að afla upplýsinga frá tilgreindum aðilum að því marki sem stofnunin telur nauðsynlegt vegna vinnslu umsókna atvinnuleitenda um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum eða framkvæmdar vinnumarkaðsúræða og vinnumiðlunar samkvæmt lögum.

Hér er lagt til að Skattinum verði bætt við upptalningu þeirra aðila sem Vinnumálastofnun ber að afla upplýsinga frá í framangreindum tilgangi. Nauðsynlegt þykir að Vinnumálastofnun hafi skýrar heimildir samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir til að afla upplýsinga frá Skattinum í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum með lögum nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, þar sem Vinnumálastofnun var falin framkvæmd virknistyrkja til atvinnuleitenda sem rétt eiga á hlutaörorkulífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar og eru búsettir, með skráð lögheimili og staddir hér á landi. Meðal skilyrða fyrir virknistyrks til einstaklings er að viðkomandi einstaklingar teljist í virkri atvinnuleit í skilningi laga um vinnumarkaðsaðgerðir, en gengið er út frá því að slíkir styrkir falli niður hefji viðkomandi atvinnuleitandi störf á vinnumarkaði og því nauðsynlegt að Vinnumálastofnun hafi skýrar heimildir til upplýsingaöflunar frá Skattinum, sambærilegar þeim sem stofnunin hefur í tengslum við eftirlit með greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar.

Um 45. gr.

Í 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir er kveðið á um skipulag vinnumarkaðsúræða.

Hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um að ráðherra sé heimilt að fela Vinnumálastofnun að semja við alla atvinnurekendur um ráðningu einstaklinga til starfa á grundvelli vinnusamninga öryrkja, en samkvæmt gildandi lögum er sú heimild bundin við fyrirtæki eða stofnanir. Þá eru lögð til þau nýmæli að krafa atvinnurekanda í tengslum við greiðslu styrks á grundvelli slíkra samninga skuli berast Vinnumálastofnun innan þriggja mánaða frá því að launagreiðsla fer fram. Að öðrum kosti skuli falla niður heimild Vinnumálastofnunar til greiðslu styrks til hlutaðeigandi atvinnurekanda vegna hvernar launagreiðslu. Í samræmi við ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, greiðir Vinnumálastofnun almennt reikninga frá atvinnurekendum sem berast innan fjögurra ára frá því að launagreiðsla fer fram, en mikilvægt þykir að kveðið verði á um sérstaka fyrningarreglu hvað varðar endurgreiðslukröfur atvinnurekanda sem ráðið hafa einstaklinga til starfa á grundvelli vinnusamninga öryrkja, ekki síst í því skyni að betur sé unnt að áætla heildarkostnað málaflokksins á hverjum tíma.

Um 46. gr.

Í 16. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir er m.a. kveðið á um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo Vinnumálastofnun sé heimilt að greiða virknistyrk til atvinnuleitenda sem eiga rétt á hlutaörorkulífeyri á grundvelli laga um almannatryggingar.

Hér er lagt til að við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að Vinnumálastofnun sé heimilt að boða þann sem fær greiddan virknistyrk eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögunum til stofnunarinnar á sannanlegum hátt m.a. til að kanna hvort breytingar hafi orðið á högum hans sem kunna að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögunum. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að viðkomandi skuli vera reiðubúinn að mæta til stofnunarinnar með mjög skömmum fyrirvara. Er um að ræða sambærilega heimild og stofnunin hefur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar til að boða atvinnuleitendur til viðtals, en slíkar boðanir eru liður í eftirliti með því hvort breytingar hafi orðið á högum viðkomandi einstaklinga sem kunna að hafa áhrif á rétt þeirra samkvæmt lögunum. Er þá m.a. kannað hvort atvinnuleitendur uppfylli enn skilyrði laganna og er gert ráð fyrir að þessi boðun geti komið til viðbótar virkum vinnumarkaðsaðgerðum. Gengið er út frá því að stofnunin boði atvinnuleitendur til sín á sannanlegan hátt enda lagt til að það geti leitt til missis greiðslna skv. 16. gr. b laga um vinnumarkaðsaðgerðir láti atvinnuleitandi hjá líða að sinna þessari boðun. Á sannanlegan hátt er m.a. með rafrænum tilkynningum á mínum síðum hlutaðeigandi, tölvupósti, skilaboðum í síma atvinnuleitanda eða bréfi á lögheimili hlutaðeigandi.

Um 47. gr.

Í 16. gr. c laga um vinnumarkaðsaðgerðir er fjallað um leiðréttingu og endurgreiðslu virknistyrks. Hér er lagt til að heimilt verði að skuldajafna ofgreiddum virknistyrk á móti síðar tilkomnum virknistyrk til sama einstaklings en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 25% af síðarnefnda virknistyrknum í hverjum mánuð. Þá er lagt til að heimilt verði að skuldajafna ofgreiddum virknistyrk á móti inneign viðkomandi einstaklings vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og að þeim ráðherra er fari með tekjuöflun ríkisins verði heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsroð. Er hér um að ræða sambærilegar heimildir til skuldajöfnunar og stofnunin hefur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, en mikilvægt þykir að heimild sé að skuldajafna greiðslum virknistyrks eins og heimilt er hvað varðar greiðslur atvinnuleysisbóta.

Um 48. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 49. gr.

Í ákvæðinu er að finna breytingar sem gera þarf á öðrum lögum vegna frumvarpsins. Flestar þær breytingar sem lagðar eru til í ákvæðinu eru afleiddar breytingar í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu hvað varðar stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga og niðurlagningu Atvinnuleysistryggingasjóðs og þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Rétt þykir þó að skýra sérstaklega efni 1. tölul. þar sem lögð er til breyting á 10. gr. laga um úrskurðarnefnd velferðarmála til samræmis við þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir hvað varðar niðurlagningu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Gert er ráð fyrir að kostnaður af málum sem kærð eru til nefndarinnar samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar skuli ekki greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvæðum þeirra laga eins og verið hefur, heldur skuli allur kostnaður við starfsemi úrskurðarnefndar velferðarmála greiddast úr ríkissjóði.

Þá þykir rétt að skýra sérstaklega efni 13. tölul. þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990. Í 2. mgr. 2. gr. þeirra laga er kveðið á um að fyrir lok október hvers árs skuli atvinnuleysistryggingasjóður gefa fjármála- og efnahagsráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins þar sem gerð verði grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af horfum um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Þá er í 1. málsl 1. mgr. 3. gr. sömu laga kveðið á um að tekjur af atvinnutryggingagjaldi skuli renna í Atvinnuleysistryggingasjóð. Hér eru lagðar til afleiddar breytingar í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til hvað varðar stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga og niðurlagningu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Er þannig gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun gefi ráðherra skýrslu þar sem gerð er grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af horfum um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu stofnunarinnar í tengslum við framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af atvinnutryggingagjaldi renni til ríkissjóðs. Eftir gildistöku laga um opinber fjármál hefur verið litið á Atvinnuleysistryggingasjóð sem hluta ríkissjóðs. Því gildi sama um sjóðinn og aðra ríkisaðila í A-hluta. Þá renna tekjur af atvinnutryggingagjaldi beint í ríkissjóð, en ekki í Atvinnuleysistryggingasjóð eins og áður var. Er því ekki um að ræða efnislegar breytingar frá því sem gilt hefur í framkvæmd hvað þetta varðar.